

# Fréttabréf Reykjahlíðarsk



## Pistill skólastjóra

Nú er búið að létta á aðgerðum gangvart COVID. Foreldrum er heimilt að koma inn í skólann en þó er ennþá grímuskylda. Ekki virðist alveg ljóst hversu margir mega vera saman en vonandi verða gefin skýrari fyrirmæli áður en langt um líður. Í febrúar voru atburðir þar sem foreldrar hafa venjulega verið með eins og þorablót og öskudagur. Þeir gengu mjög vel og var ánægjulegt að sjá hvað allir lögðu sig fram um að hafa gaman.

Skákmót var í byrjun febrúar sem er árlegur viðburður hjá okkur og hefur verið svo í mjög mörg ár.

Áætlun um samstarf heimilis og skóla er nú tilbúin. Hún tók langan tíma í vinnslu svo allir aðilar hefðu tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. [Sjá hér.](#)

Endurskoðun á áætlun gegn einelti er í vinnslu og verður tekin fyrir á næsta skólaráðsfundi þann 18. mars.

Samræmdu prófin í 9. bekk verða dagana 8.-10. mars.

Opið hús verður hjá 6.-10. bekk 10. og 24. mars og nú er alltaf akstur.

Sundkennslan verður á Laugum 24. - 25. mars og 6. - 8. apríl. Þetta er óvenju snemmt og vonumst við til að fá gott veður. Ef veður verður slæmt verðum við að færa sundið fram í apríl og taka þá nokkra hálfu daga. Jóhanna kennir sundið. Sundið er hluti af skóladeginum, nemendur koma og fara heim á sama tíma og venjulega.

Páskafrí hefst 29. mars og nemendur koma aftur í skólann 6. apríl kl. 8:30 að loknu fríi.

Ég hef ákveðið að hætta sem skólastjóri að loknu þessu skólaári. Ég ætla að minnka við mig vinnu. Það verður auglýst fljótlega eftir nýjum skólastjóra.

## Heilsueflandi grunnskóli

Í febrúar tókum við þátt í lífshlaupinu og voru nemendur reglulega duglegir að hreyfa sig og enduðum við í 9. sæti. Nemendur 4. – 6. bekkjar fengu líka útdrattarverðlaun en verðlaunin hafa ekki borist enn.

Núna erum við að vinna í að finna efni til að fræða nemendur um jákvæða líkamsmynd og mikilvægi þess að virða að við erum alls konar.

## Á döfinni

1. mars – Jákvæður agi, allir.

1. mars – Fjármalalæsi 7.-10. bekkur

8. -10. mars – Samræmd próf hjá 9. bekk .

10. mars – Opið hús 6.-10. bekkur kl. 19:30-21:30

18. mars – Grænfánadagur.

18. mars – Skólaráðsfundur kl. 13:30

24. mars – Opið hús 6.-10. bekkur kl. 19:30-21:30

24. – 25. mars – Sund

29. mars – Páskafrí hefst

## Grænfáninn

Í mars hengdum við upp umhverfissáttmála skólans, en hann er regnbogi yfir þremur skýjum og niður úr skýjunum falla regndropar. Á regnboganum stendur umhverfissáttmáli og á skýjunum standa svo markmiðin okkar sem eru.

1. Sýnum gott fordæmi og förum vel með jörðina okkar.
2. Endurnýtum og flokkum eins og hægt er.
3. Jörðin getur lifað án okkar en við getum ekki lifað án hennar.

Nöfn allra nemenda og starfsfólks eru á regndropunum.

Í mars munum við vinna með þemað vatn og verður unnið svolítið með það á grænfánadeginum þann 18. mars.

#### 4. – 6. bekkur

Því miður hefur ekki enn orðið að kynningu á Óskalandinu vegna annarra verka og veikinda nemenda en vonum við að það geti orðið á allra næstu dögum.

Þessa dagana leggjum við áherslu á landafræði og bókmenntir ásamt því að vinna með íslensk orðatiltæki. Munum við halda því áfram og bæta málsháttum við. Nemendur eru einnig að vinna að veðurverkefninu inni á Seesaw.

#### 1. – 3. bekkur

Við kennararnir í 1. – 3. bekk viljum hrósa nemendum fyrir hvað þeir voru duglegir í lífshlaupinu. Einnig voru stóðu nemendur sig vel á öskudeginum og búningarnir þeirra voru skemmtilegir.

#### 7. – 10. bekkur

Nemendur hafa verið að vinna að verkefninu „Mývatnssveit, samfélag“ verkefnið snýr að því að búa til kynningarefni fyrir þá sem flytja nýir í sveitarfélagið, hvort sem eru Íslendingar eða útlendingar. Þar eiga þeir að hugsa sér hvaða upplýsingar eru nauðsynlegar fyrir þessa nýju Mývetninga, hvort sem það snýr að þjónustu, afþreyingu eða náttúruperlum. Geta þeir valið hvernig þeir skila, sem heimasíðu, bæklingi, myndbandi eða bók. Einnig kom Jóhanna Kristjánsdóttir hjúkrunarfræðingur og var með forvarnarfræðslu um nikótínvörur, tóbak, rafsígarettur og nikótínþúða. Um líkamleg áhrif, fíknina og skaðsemi þeirra.

### Jákvæður agi

Við höfum verið að vinna með að efla samvinnu en í dag (1. mars) tókum við einn tíma í leiki þar sem allir nemendur skólans tóku þátt og snerust þeir um samvinnu nemenda.

Í mars snúum við okkur að nýju þema sem er hugstormun og hlutverkaleikir.

Hugstormun er mikilvæg því að:

- Nemendur læra að þeir geta fundið rauhæfar lausnir án hjálpar fullorðinna.
- Þeir komast að því að betur sjá augu en auga – það er árangursríkara þegar margir hjálpast að við að finna lausnir.
- Hugstormun kennir okkur að hlusta á aðra og að við getum endalaust leitað nýrra leiða.

Hlutverkaleikur eru mikilvægir því að:

- Hann gefur nemendum tækifæri til að setja sig í spor annarra og upplifa að það sjá ekki allir hlutina á sama hátt.
- Hann gefur tækifæri til að æfa lausnir. Nemendur læra að það að hugsa um eitthvað (t.d. biðja einhvern um að láta sig í friði) er mjög frábrugðið því að framkvæma það í raun eða sjá einhvern annan gera það.

Þáskafrí hefst

29. mars

# Dagskrá Reykjahlíðarskóla mars 2021

mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur	sunnudagur
1. Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og rúgbrauð.	2. Pastahlaðborð, grænmeti og meðlæti.	3. Plokkfiskur, grænmeti og rúgbrauð.	4. Hakkabuff, kartöflur, grænmeti og sósa.	5. Mexíkósk kjúklingasúpa, snakk, ostur og sýrður rjómi.	6.	7.
8. Kjötbollur bolognese, kartöflur og grænmeti.  <b>Samræmd próf í 9. bekk íslenska.</b>	9. Fiskibollur, hrísgrjón, grænmeti og karrysósa.  <b>Samræmd próf í 9. bekk stærðfræði.</b>	10. Snitsel, kartöflur, grænmeti og sósa. <b>Samræmd próf í 9. bekk enska.</b> <b>Opið hús 6.-10. bekkur kl. 19:30-21:30. Akstur.</b>	11. Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti, smjör og rúgbrauð.	12. Kjúklingapanna, hrísgrjón og grænmeti.	13.	14.
15. Fiskur í raspi, kartöflur og grænmeti.	16. Grjónagrautur, slátur og brauð.	17. Bleikja terryaki, kartöflur, grænmeti og sósa.	18. Kjötfarsbollur, kartöflur, grænmeti og brúnsósa.	19. Lasagne, grænmeti og brauð.	20.	21.
22. Pasta með ostasósu, skinku og grænmeti.	23. Karryfiskréttur með grænmeti.	24. Grænmetisbuff, hrísgrjón og sósa. <b>Sund á Laugum.</b> <b>Opið hús 6.-10. bekkur kl. 19:30-21:30. Akstur.</b>	25. Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og sósa. <b>Sund á Laugum.</b>	26. Kjúklinganaggar, franskar, grænmeti og sósa.	27.	28.
29.	30.	31.				